

**13**  
12. febr. Talning atkvæða fer þannig fram, að kjörseðlarnir eru allir settir í einn bunka, bæði þeir, sem í umslögum eru, og þeir, sem berast símleiddis. Tekur síðan einn talningarmanna hvern kjörseðil fyrir sig og segir upphátt listabókstaf hans, en hinir tveir rita niður atkvæðatöluna undir þann listabókstaf, sem hún tilheyrir.

Þegar talningu er lokið er lýst kosningu og hverjir séu varamenn hvers lista. Að afstaðinni kosningu gerir póst- og símamálastjóri atvinnuáráðherra kunn úrslit kosningarinnar bréflaga.

Reglur þessar ganga þegar í gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt eru úr gildi felldar reglur um sama efni frá 16. maí 1935.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. febrúar 1936.*

**Haraldur Guðmundsson.**

*Vigfús Einarsson.*

**14**  
12. febr.

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 21, 13. marz 1935, um einkasölu  
á rafvélum, rafáhöldum o. fl.

Samkvæmt lögum nr. 30, 9. jan. 1935, um heimild handa ríkisstjórninni til einkasölu á bifreiðum, rafvélum, rafáhöldum o. fl., er hér með sett eftirfarandi reglugerð um breyting á reglugerð nr. 21, 13. marz 1935.

1. gr.

1. málsg. 6. gr. reglugerðar nr. 21, 13. marz 1935, hljóði svo:

Fyrst um sinn er viðtækjaverzlun ríkisins falinn rekstur raftækjaeinkasölnnar og veitir fjármálaráðherra forstöðumanni viðtækjaverzlnarinnar jafnframt prókúruumboð fyrir raftækjaeinkasölu ríkisins.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 12. febrúar 1936.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Torfi Jóhannsson.*